

- 1 -

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað árið 1936.

Skógurinn: Um skógarhöggið vísast til yfirlitsskýrslunnar. Samkvæmt henni hefur verið höggið í skóginum:

Efniviður	27.28	hestb.
Girðingarstaurar tals. 1275.	ca 64.00	--
Eldiviður (hrís)	1104.00	--
samtals:	1195.28	hestb.

Vöxtur og þrif skógarins: Vorið var gott, og þegar kom fram í júlí brá til kulda og héldust þeir út þann mánuð. Þegar kom fram í ágúst fór að batna. Í júlímánuði stóð gróður víða í stað, að heita mátti. Á maðki ber nú mjög lítið. Undanfarin 3 sumur var hann búinn að herja á skóginum enda bar skógurinn þess menjar. Tilsýndar virðist útlit skógarins líkt og venjulega, en er athugið voru einstök tré, báru þau vott um harða lífsbaráttu. Laufin voru gísín og beigjuleg, sumar trjágreinarnar voru lauflausar og einstaka tré voru með öllu lauflaus eða útkulnuð. Mjög óvíða sáuust blómhnappar, enda höfðu engir kónglar myndast árið áður vegna maðksins. Fræ sást alls ekki. Skógurinn var sjúklegur enn á þessu ári eftir hina hörðu árás maðksins.

Skógurinn varð grænn, blaðablist, 24. maí. Aðeins einu sinni á s.l. 14 árum hefur hann grænkað fyr. Það var árið 1928. Þá byrjaði vöxturinn 3 dögum fyrir. Á þessu ári má telja vaxtartíman hér í skóginum 120-125 daga.

Sala var meiri nú en undanfarin ár. Kom þar til að veturinn var frostamikill, og þá þurfa bændur hér í nágrenninu meira til upphitunar. Færi á Lagarfljóti hélst í 6-7 vikur.

Girðingin: Hún þurfti allmikillar lagfæringar. Veturinn var snjóþungur og brotnuðu margir staurar. Bætt var í hana yfir 200 staurum úr skóginum. Enn standa nokkrir gamlir furustaurar frá 1908 í girðingunni, en þeir eru nú bráðum úr sögunni, og má endingin teljast góð. Gert var við hliðið sunnan(framan) við skógin. Járnbent steinsteypa sett á milli stauranna.

Græðireiturinn: Sáb var þessum tegundum.

- Lauftrjám. Birki úr Bæjarstaðaskógi 2½ beð.
Reynifræi úr Örfafnum 2 -

Ösp (Populus trichocarpa) Black Cottonwood

-- Frá ameríku. Indian Chug N.F.

Nr 104

Ösp frá Ameríku. Juneau Tungass	No. 108
- - - - - Chugach.	- 109
11. <u>Barrviður, Frá Ameríku.</u>	
1. Sitkagreni Picea sitkhenses frá Kenai Dis Chugack A.V.	- 101
2. Hvítgreni Picia canadurdis, frá sama stað.	- 102
3. Fjalla-henlock (Tsugamereneiana) frá sama stað	- 103
4. - - - - frá Juneau Tungas H.T.	- 105
5. - - - - do do	106
6. Honlockgreni Tsuga heteroplylla, frá Juneau Tungas H.T.	- 107
7. Blágreni. Peisa pungens frá Washington	- 110
8. Douglasgreni. Psendotsuga Vouglassi frá Colerado	111
9. Pínus contorta var latifolia, frá British Columbia	- 112
10. Pínus contorta frá sama stað, en dálítid hærra frá sjó	- 113

Björkin og 3 tegundir barrtrjáanna, Blágrenið, Douglasgrenið og Contortafuran. Hinar allar komu alls ekki upp, að undanteknum fáeinum plöntum af sitkagreni. Við reynirnum er ekki að búast fyrir á næsta ári.

Útfrætt var(prikad) þessum teg. og plöntutölu:

1. Björk	ísl. 3/o	8.200 stk.	
2. Reynir	-- 2/o	6.960 -	
3. Lerki	3/o	3.300 -	frá Arkangelsk.
4. Skógarfura	3/o	3.000 -	- Svíþjóð.
5. Blágreni	3/o	370 -	- Ameríku.
Hvítgreni	3/o	3.500 -	
<u>Samtals:</u>		<u>25,330 stk.k</u>	

Ennfremur voru settir 1.000 stíkl. af Ribs. Þá voru gróður-settar í reitnum.

Reyniplöntur danskar	110 stk.
Almur norskar	50 -
Víðir ?	10 -
<u>Samtals: 170 stk.</u>	

Gróðursett í skóginum í Mörkinni.

500 Fjallfura, danskar plöntur.

200 Lerki 2/1 ísl. plöntur.

Plönturnar í útgræðslubeðunum frá vorinu, stóðu sig vel undantekningarlítið. Nokkrar skógarfurur dóu þó út.

Plöntur frá í fyrra tóku góðum framförum, einkum Björk og Lerki.

Fjallafuran er gróðursett var í skóginum, leit vel út þegar veturinn gekk í garð.

Stækkun reitsins er hafin var í fyrra haust, var unnið að, að vorinu og kostaði allmikla vinnu, einkum að hreinsa burt rætur og græssinur. Í sumar lá þó svæðið ónotað, en verður tekið á næsta vori til notkunar. Hirðing reitsins kostaði allmikla vinnu eins og vant er.

Á ryðsveppi á birkiplöntum í fræbeðum frá í fyrra bar nokkuð. Bæði húsdýraáburður og nitraphoska var notaður. Einnig var birkiplöntunum í fræbeðum gefin dauf blanda af nitraphoska.

Námsskeið. Þrjár stúlkur sóttu námsskeiðið er auglýst var í fyrra vetur. Stúlkurnar voru:

Guðleif Einarsdóttir frá Brunnh, Mýrum Austur.

Skaptafellssýslu.

Guðrún Guðmundsdóttir frá Snartastöðum, Lundareykjadal í Borgarfirði.

Jakobína Björnsdóttir, Bakka í Borgarfirði eystra.

Stúlkurnar unnu vel og dyggilega og voru ornar talsvert æfbar í handtökunum. Má óhætt segja að vinna þeirra muni verða bæði þeim og skógrækt ríkisins að góðu liði. Samskonar námsskeið er í ráði að halda næsta vor.

Plöntusala: Hún var sem hér segir eftir tegundum:

Úr græðireitnum	Víbir	208 stk.
- - - - -	Lerki	42 -
- - - - -	Björk	5.562 -
- - - - -	Reynir	15 -
- - - - -	Greni	33 -
- - - - -	Fura	16 -
- - - - -	Ribs	40 -

Samtals: 5.916 stk.

Ú	Úr skóginum	162 -
	Erlendar plöntur	<u>Reynir 187 - norskar og danskar.</u>
	<u>Alls seldar:</u>	<u>6.265 stk.</u>

Byggingar: Lagt var inn rafmagn inn í íbúðarhúsið og fjós og hest hús frá Rafstöðinni er hér var reist í sumar fyrir húsmæðraskólann og heimilið hér. Rafstöðin á að framleiða um 30 hestöfl. Til viðhalds

byggingum var keypt málning og pappi, en ekki var unnið úr efninu og bíður það til á þ.á.

Á Burðlungavöllum va endurnýjuð útidyraburð og þiljaður innan gangur, einnig settar nokkrar járnplötur er vantaði á útvegg hússins.

Ferðamannastraumur eykst með ári hverju. Flestir sem hingað koma, koma til að sjá skóginn og græðireitinn. Erlendum ferðamönnum fjölgar. Á þessu ári heimsóttu skóginn meðal annara tveir merkir Danir. C.E Flensberg forstjóri Heiðafélagsins og Ph. Stanning forsætisráðherra.

Eftirlitsferð fór ég um skóglendið í Vallagreppi, einnig athugaði ég Ranaskóg í Fljótsdal. Skóglendi hér í hrepp, er ég athugaði er á Höfða, Útnyrðingsstöðum, Ketilsstöðum, Berárgerði og Eyjólfsstöðum. Skógræktarstjóri hafði skolað Egilsstaðaskóg og fór ég því eigi þangað. Grisjun er í samilegu lagi á hinum nefndu stöðum, nema í Berárgerðisskógi. Hef ég ámýnt ábúendur Ketilsstaða, sem eiga mikinn part skógarins og bannað þeim að grisja í skóginum nema á litlu svæði er ógrisjað er. Á stórum hluta skógarins, þar er farið og frekt í grisjunina og sumstaðar berhöggvið, en ekki á stórum svæðum.

Á öllum skógarsvæðunum nema Eyjólfsst. er þegar búið, nema á mjög takmörkuðum svæðum að höggva það sem höggva má fyrst um sinn. Hef ég tilkynnt það notendum og eigendum. Af þessum ástæðum fer að verða mjög nauðsynlegt hér í Vallahreppi og víða að hafa strangt eftirlit með skógarhögginu. Því eigendur og notendur hafa mikla freistingu til þess að byrja aðra grisjunarferð fyrir enn hæfilegt er. Og milli grisjunar-umferða í ófriðuðum skógum verður að líða langur tími, misjafnlega þó, eftir ástandi skógarins. Fyrsta grisjun verður að teljast til bóta yfirleitt ef hún er framkvæmd með gætni. Önnur umferð o.s.fv. er vafasamt og vandasamt atriði í ófriðuðum skógum. Af þeirri ástæðu tel ég að þurfi strangt eftirlit með skógarhöggi, þegar lokið er fyrstu grisjunarumferð.

Nú eru liðin 30 ár frá því grisjun kjarrskóganna hér var hafin. Svæðin eru víðast takmörkuð mjög, en vöxturinn hægfara, en þörfin allmikil síðan byrjað var að hita upp bæina. Hinir nýju viðarofnar og rétt meðferð skóganna munu styðja að því að uppfylla þörfina án þess að það verði á kostnað viðarmagns og vaxtar skóganna, eins og hillist á sumum stöðum.

Páll Ólafsson bóndi á Arnaldsstöðum í Fljótsdal hefur boðið jörð sína ríkissjóði, eins og fyr hefur komist til tals, en ekki hafa enn farið fram samningar um kaupin.

Arnaldsstadir eru framtíðar-skógarjörð að ýmsu leyti, því væri æskilegt að ríkissjóður sæi sér fært að eignast þessa jörð.

Hallormsstað 22. janúar 1937,
Guttormur Pálsson.